



Íslenski Söfnuðurinn
í Noregi

Aðalsafnaðarfundur 2018

Fundargerð aðalfundar 6. maí og framhaldsaðalfundar 29. maí



Aðalfsafnaðarundur
Íslenska safnaðarins í Noregi
6. maí 2018
Safnaðarheimili Norberg kikju

Fundardagskrá

1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað bls. 4
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara bls. 4
3. Skýrsla formanns bls. 4
4. Stefna stjórnar bls. 5
5. Skýrsla sóknarprests bls. 5
6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram bls. 8
7. Kosning í safnaðarstjórn og varastjórn bls. 8
8. Tillögur bls. 9
9. Kosning í kjörnefnd og aðrar nefndir bls. 10
10. Önnur mál bls. 10

Björn Hallbeck, formaður setur fundinn kl. 15.45.

Fundarstjóri: Ingvar Örn Ingólfsson - **Fundarritari:** Rúnar Sigríksson

1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað

Formaður aðalstjórnar, Björn Hallbeck, kannaði hvort boðað var rétt og löglega til aðalfundar sem var gert og staðfest af fundamönnum.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður aðalstjórnar, Björn Hallbeck, kannaði hvort einhver fundamanna hefði áhuga á að taka að sér störf fundarstjóra og fundarritara. Fram kom tillaga um Ingvar Örn Ingólfson, sem fundarstjóra og Rúnar Sigríksson, sem fundarritara.

3. Skýrsla formanns

Þegar fundarstjóri og fundarritari tóku til starfa þá steig Björn Hallbeck, formaður aðalstjórnar, upp í pontu og las skýrslu formanns.

“Formaður kom inn á störf stjórnar og staðfesti grunn þáverandi stjórnar um að árið yrði erfitt enda fjárhagur safnaðarins í grafalvarlegri stöðu. Stjórn hófst handa við að helminga greiðslur vegna stjórnasetu, gera nýja samninga við kóra og íslendingafélagið í Osló. Áhyggjurnar af fjármálum safnaðarins jukust þegar ljóst var að skráning nýrra meðlima í söfnuðinn gekk afar hægt. Fregnir af gengi sænsku og finnsku kirkjunnar í Noregi um not á “call-center” varð til þess að stjórnin áleit það forsvaranlegt að fara sömu leið. Sú vinna skilaði um 2000 nýjum safnaðar meðlimum. Að auki þá setti stjórnin í gang vinnu, með fulltingi lögmanns, að hnekkja úrskurði norska ríkisins varðandi sóknargjöld. Svör frá umboðsmanni klögunefndar láta þó biða eftir sér enn og aftur. Söfnuðurinn fær vonandi einhver svör fyrir sumarið. Persónuverndarlög Evrópusambandsins ná til safnaðarins, og í skrifuðum orðum er verið að vinna að því að mæta þeim lögum samkvæmt.

Starfsmannamál og störf stjórnar safnaðarins hafa verið ofarlega á baugi á fundum og utan. Í septembermánuði kom upp sú staða að sóknarprestur kallaði eftir aðstoð frá Biskupsstofu til að leysa ágreiningsmál sem upp höfðu komið meðal starfsmanna safnaðarins. Það er skemmst frá því að segja að sáttgjörð hefur gengið afar treglega og er því miður ekki lokið. Alma Jónsdóttir sem starfað hefur við ræstingar sagði upp starfi sínu síðastliðið haust, og nýlega sagði sr. Lilja Kr. Þorsteinsdóttir, sem hefur verið lausráðin frá áramótum, starfi sínu lausu. Hlutfall veikinda starfsmanna hefur verið gríðarlega hátt og af þeim sökum hefur Ólafíustofa oft verið lokuð.

Sóknarprestur safnaðarins sótti um styrk í jöfnunarsjóð sókna íslensku þjóðkirkjunnar síðastliðið haust, og var söfnuðinum úthlutað 1 milljón íslenskra króna, eyrnamerkt börnum og unglिंगastarfi, með megináherslu á fermingarfræðslu. Fermingarborn af öllu landinu fá því í ár tækifæri til þess að fara í ferðalag, kynnast betur og njóta samveru með fræðslullitrua og unglíðum úr æskulýðsstarfinu.

Stjórnin hefur haldið 8 stjórnarfundum, ýmist með eða án varamanna. Stefán Snævarr sagði sig úr stjórninni eftir sinn fyrsta stjórnarfund, og á haustmánuðum hætti einnig Ólafur Ragnar Pálsson í varastjórn. Jóhann Karl og Guðrún Elin hafa bæði sent afsögn úr stjórninni vegna flutnings til Íslands og anna. Þakkir til þeirra fyrir framlag sitt. Komandi starfsár safnaðarstjórnar mun einkennast af áframhaldandi aðhaldsaðgerðum, skipulagsbreytingum og samstarfi við presta til þess að efla söfnuðinn. Með góðri samstöðu allra sem að söfnuðinum koma, munum við komast í gegnum þessa erfiðu tíma. Ég vil þakka þeim sem hafa fylgt þessari safnaðarstjórn og létt undir þrautirnar og haldið í trúna um að við höfum valið réttar leiðir söfnuðinum til farsældar þegar til lengri tíma er litið.”

Umræður í kjölfar skýrslu formanns:

Í kjölfar skýrslu formanns steig Guðni Ölverson upp í pontu og reifaði áhyggjur sínar varðandi starfsmannamál og sakaði stjórn og presta um beina árás á starfskonu safnaðarins. Því til staðfestingar tók hann fram tölvupósta og vitnaði í sáttargerðarfund og tilkomu sáttasemjara frá biskupsstofu. Fundarstjóri stöðvaði þessa umræðu sakir þagnarskyldu. Guðni var ósammála og krafðist þess að aðalfundur ætti rétt á að vita hvernig þessu máli lyktaði. Jafnframt gat hann þess og sakaði sóknarprest safnaðarins um að stöðva þetta ferli. Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir steig upp og tók til máls og útskýrði hvað málið snérist um og gat þess að hún hafi verið dreginn inn í þessar meintu deilur. Fundarstjóri var tilneyddur til að stöðva þessa umræðu vegna þess að hún snérist um persónumál sem á ekki heima á aðalfundi.

Guðni kom aftur upp pontu og hélt áfram að setja fram athugasemdir um skýrslu formanns. Hann lofaði að vera málefnalegur og forðast að skíta út fólk. Kom hann meðal annars inn á að fjórir aðilar hafa sagt sig úr aðalstjórn vegna samstarfsörðugleika og vísar í fundargerð frá byrjun janúar. Vitnar hann í fyrirverandi ónefndann stjórnarmann. Guðni hefur frammi athugasemdir um slæg vinnubrögð stjórnar og nefnir m.a. máli sínu til stuðnings að fundargerðir hafi ekki verið gerðar opinberar síðustu mánuði. Guðni vitnaði í fundargerð frá 7. janúar og í kjölfarið komu fram grunsemdir um trúnaðarbrest innan stjórnar og starfsfólks safnaðarins sakir vitneskju Guðna á þeim upplýsingum og tölvupóstum sem hann hafði undir höndum. Björn Hallbeck vildi meina að Guðni hafi haft undir höndum trúnaðarskjöl en ekki fundargerðir og lýsti yfir áhyggjum sínum um trúnaðarbrest. Fundarstjóri tók undir með Guðna er varðar skil á fundargerðum.

Ólafur Ragnar Pálsson tók til máls kom inn á að hann hafi setið í stjórn þegar áður nefndar fundargerðir voru ritaðar og ekki vilja samþykkja þær og heldur því fram að ein þeirra væri röng, en dróg síðar þá ályktun tilbaka. Ólafur Ragnar kom inn á launakostnað og gat þess að prestur safnaðarins væri dýrasti útlíðurinn í rekstri safnaðarins og vill kanna hvort segja megi upp presti vegna slæmrar fjárhagsstöðu safnaðarins. Hann sakar jafnframt prest um að skrá sig sem daglig leder fyrir söfnuðinn sem væri ólöglegt og að sú skráning hafi aldrei verið samþykkt af stjórn. Jafnframt sakar hann sóknarprest um að hafa stýrt þessari skráningu og ferlinu í kringum þá skráningu.

Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir kom með mót svar vegna ásakana Ólafs Ragnars og gat þess jafnframt að hún færi í einu og öllu eftir starfssamningum og starfs lýsingum norska prestafélagsins. Hvatti hún

Ólaf Ragnar til að setja fram þessar ávörðingar og skrifa henni bréf. Hún gat þess jafnframt að hún þægi lægri laun fyrir störf sín hér í Noregi en ef hún væri í sama starfi heima á Íslandi. Munurinn væri í kringum 200 kr. Fundarstjóri grípur inn umræðuna sem er kominn út fyrir efni aðalfundar.

Björn Hallbeck stígur aftur til pontu og fer yfir aðgerðir stjórnar vegna tilkomu Call Senter í þá veru að fjölga meðlimum safnaðarins. Gat hann jafnframt þess að stjórn safnaðarins hafði fengið lögfræðing til að vinna að þessu ferli með það að leiðarljósi að fá ákvörðun norska ríkisins hnekk og athuga hjá Evrópusambandinu hvort þessi sama ákvörðun væri lögleg. Afleiðingar þessarar ákvörðunar hefur haft gífurleg áhrif á tekjur og starf safnaðarins. Mikill hiti var kominn í fólk á þessum tímamarki og mörg ógætileg orð látn falla í garð presta og stjórnar safnaðarins. Sigurðis Reynisdóttir steig upp í pontu og byður fólk um að hegða sér og gæta orðalags. Ómar Friðriksson segir stjórn hafa haldið 8 fundi og spyr “Hvernig er afgreiðsla mála á stjórnarfundum þegar það vantar einn mann af fimm stjórnarmönnum”? Jónína Margrét Arnórsdóttir, varaformaður stjórnar, svarar Ómari að það væri hlutverk aðalfundar að kjósa fólk í aðalstjórn og þegar einn eða fleiri heltast úr lestinni þá er beðið næsta aðalfundar með að kjósa nýtt fólk.

4. Stefna stjórnar

Jónína Margrét Arnórsdóttir les upp stefnu stjórnar:

“Stefna stjórnar er sem fyrr að fjölga meðlimum en jafnframt berjast fyrir því að ákvörðunin um að fólk þurfi að skrá sig að nýju verði afturkölluð og að sóknargjöld verði afturvirk. Fari svo að þessum markmiðum verði ekki náð gæti þurft að grípa til þeirra aðgerða að segja upp sóknarpresti og starfsmanni skrifstofu - hafa lausráðinn prest sem sinnir lágmarksþjónustu og starfsmann á skrifstofu í hálfu starfi. Þá er mikilvægt að viðhalda og styðja samstarf við íslenska presta í Noregi. Einnig kemur til greina að selja Ólafustofu. Reynt verði af fremsta megni að skera niður útgjöld við rekstur safnaðarins. Þrátt fyrir mikinn niðurskurð verður leitast við að halda barna- og ungmennastarfi að mestu óbreyttu og reyna að efla það ef þess er kostur. Sama gildir um starf eldri borgara. Áfram verði viðhaldið samstarfi við Íslendingafélögin í Noregi, íslenska kóra, íslenska námsmenn í Noregi, sendiráð Íslands í Osló, önnur samtök íslendinga í Noregi, norræna kristilega söfnuði og samtök kristilegra safnaða í Noregi. Stjórn og starfsfólk safnaðarins mun setja kynningarstarf safnaðarins með því að halda uppi lífandi heimasíðu og nýta betur aðra samfélagsmiðla”.

5. Skýrsla prests

Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir flytur styttri útgáfu upp úr skýrslu prests:

“Íslenski söfnuðurinn í Noregi, kirkjan hefur um árabíl verið mönnum stoð og skjól. Huggun í harmi og hvatning til lífs. Hér hafa börnin lært að þekkja frelsara heimsins. Hér hefur Drottinn sjálfur verið gestur og Herra.

Atburðir og breytingar

Seta í stjórn safnaða eða sóknarnefndum er þjónustuhlutverk. Á sama hátt og þjónusta annarra kirkjunnar þjóna. Sóknarbörnum er þjónað í gleði og sorg og hlutverk stjórnsóknarnefnda og annarra starfsmann safnaða er að styðja við hina vígðu prestsþjónustu þannig að hún megi bera sem bestan og mestan ávöxt.

Síðastliðið ár hefur stjórn íslenska safnaðarins unnið þá þjónustu af mikilli elju, festu, heiðarleika og síðast en ekki síst í trú, von og kærleika. Þetta er mikið ábyrgðarhlutverk og mikil vinna sem þessi þjónusta krefst og er gerð meir en minna í sjálfbodaliðsvinnu. Á aðalfundinum 2017 kom fram að söfnuðurinn hefur þurft að skera niður útgjöld vegna skertra tekna. Sársaukafyllst var að fella niður fermingarferðalag. Sóknarprestur sótti um styrk í jöfnunarsjóð þjóðkirkju Íslands og var söfnuðinum úthlutað 1 milljón íslenskra króna, sem eyrmerkt er barna og unglingsstarfi með megináherslu á fermingarfræðslu.

Sóknarpresti var falið að kanna möguleika á „call senter“ til að auka meðlimatölu safnaðarins, eins og finnska og sænska kirkjan höfðu ákveðið að gera. Var leitað ráða hjá Andrésí Jónssyni, sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á þessu málefni. Hann er eiginmaður sr. Ásu Laufeyjar Sæmundsdóttur og var svo vænn að gefa söfnuðinum þessa vinnu sína. Mælti hann eindregið með að farin yrði þessi leið. Hún er dýr en góð fjárfesting til framtíðar. Benti hann á að hjálparstofnanir, tryggingafélög, stjórnmalaflokkar o.sfrv. horfa ekki til fárra ára þegar lagt er í slíkan kostnað, heldur til líftíma fólks. Var því ákveðið á stjórnarfundum í júní að hrinda þessu verkefni í framkvæmd og var sóknarpresti og formanni falið að skoða þá möguleika sem í boði voru. Niðurstaðan var að ákveðið var að nota sama „call senter“ og nágrennakirkjur okkar. Það var hagstæðast og komin var reynsla á það hjá sænsku kirkjunni. Ég tel að þar hafi verið stigið gott skref, enda voru einungis um 1.114 meðlimir í söfnuðinum um áramótin 2017. Þess ber að geta að til þess að teljast trúfélag hér í Noregi, þurfa meðlimir safnaðarins að vera að minnsta kosti 500 talsins og þá er miðað við 15 ára og eldri.

Undanfarin ár hefur verið farið vel yfir alla meðlimaskráningu, fundað með lögfræðingum og fylkismanni. Sóknarmannatalið er vel unnið og farið er eftir þeim lögum sem um söfnuði gilda og þeim reglum og leiðbeiningum sem komið hafa frá norskum yfirvöldum. Í þessu sambandi hefur samstarf milli norrænu þjóðkirkjusafnaðanna sem starfa í Noregi eflst og mikil vinátt myndast við þessa yfirferð um feril inn- og útskráningar. Íslenski söfnuðurinn í Noregi er einn af fjölmörgum söfnuðum þjóðkirkju Íslands og fær fjármagn til safnaðarstarfsins í gegnum norsk sóknargjöld frá ríki og sveitafélögum. Árið 2016 var öllum meðlimum trúfélaga í Noregi (ef undan er skilið sóknarbörnum norsku kirkjunnar) gert að staðfesta skráningu sína í þeim söfnuði sem þeir tilheyra.

Fresturinn var stuttur til að kynna þessar nýju aðstæður en fyrir áramót 2016 staðfestu 1.114 sóknarbörn skráningu sína í íslenska söfnuðinn í Noregi. Endanleg ákvörðun frá norskum yfirvöldum er ekki komin en ljóst er að söfnuðir og trúfélög hér í Noregi munu búa við skert framlög um sinn.

Guðsþjónustur, helgihald og athafnir

Guðsþjónustuhald var á 10 stöðum á árinu. Þeir staðir sem messað var á eru: Ósló, Drammen, Kristiansand, Stavanger, Bergen, Þrándheimur, Tromsø, Sandefjord, Fredrikstad, og á Íslandi var ein fermingarmessa í Seltjarnarneskirkju. Haldnar voru 24 guðsþjónustur og 15 helgi- og bænastundir. 25 sunnudagaskólar um landið og 6520 manns sóttu helgihald safnaðarins á árinu þar sem talið var.

23 börn voru skírð, öll í heimahúsum. Góður rómur hefur verið gerður að þeirri séríslensku hefð að skíra börn í heimahúsum og ánægjulegt er að sóknarbörn nýti sér þá þjónustu safnaðarins. Hjónavigslur voru 8 og 4 útfarir/minningarathafnir. 48 börn voru skráð í fermingarfræðslu safnaðarins veturinn 2017-18 og á árinu voru fermd 25 börn í þremur athöfnum í Ósló, Reykjavík og Sandefjord.

Hluti fermingarbarnanna fermist á Íslandi hjá prestum á fyrri heimaslóðum fjölskyldanna. Þetta er gert í góðu samstarfi og gefa prestar út vottorð um að fermingarfræðslu sé lokið eða muni ljúka hjá söfnuðinum í Noregi. Við skipulag á guðsþjónustunum eru tengiliðirnir eða safnaðarfulltrúarnir út um landið ómissandi sem fyrr. Það er mjög misjafnt hvert hlutverk þeirra er eftir stöðunum, enda aðstæður oft ólíkar staða á milli. Sem dæmi um þjónustu má nefna m.a. að bóka kirkju, auglýsa helgihaldið í nærsamfélaginu, baka og þrifa, halda utan um messukaffið í samstarfi við Íslendingafélögin, lesa ritningarlestira í messum og vera presti innan handar með ýmislegt sem komið getur upp. Safnaðarfulltrúarnir sinna sjálfboðinni þjónustu.

Hér verður einnig að minnast á kórastarfið sem fer vaxandi meðal Íslendinga í Noregi. Nú eru starfandi 3 kórar, Ískórinn í Ósló, Sönghópurinn í Bergen og Kór Kjartans í Þrándheimi. Hugmyndir hafa verið uppi um að setja á laggirnar kór í Stavanger. Kórarnir hafa allir gegnt hlutverki kirkjukórs í messuhaldinu á árinu en starfa þó sem sjálfstæðar einingar. Það er mikill fjársjóður sem fólgin er í kórnum. Min upplifun er að fagmennska, jákveðni gleði og þjónustulund einkenni kórastarfið hér. Það er þakkarvert.

Hefð hefur verið að safnaðarstjórn/sóknamefnd fari með prestum í messu- og vinnuferð út á land einu sinni á ári. Af því varð ekki á árinu frekar en í fyrri vegna sparnaðar, en haldinn var vinnufundur laugardaginn 18. mars. Tilgangurinn með vinnufundi er að sóknamefnd nái heilum vinnudegi til uppgjörs ársins og til að marka stefnu til þess næsta og þá um leið undirbúa aðalfundinn. Markmið og tilgangur messu- og vinnuferða sóknamefndar hefur verið að kynna heimafélki og starfi safnaðarins um landsbyggðina. Þetta er mikilvægur þáttur sem fer þá aðallega fram í messuhaldinu og spjalli í kirkjukaffinu á eftir. Það er von mín og trú að við fáum tækifæri til að fara slíka ferð þegar betur árar.

Aðventuhátíðin í Ósló var með glæsilegasta móti að venju. Listanefnd hafði veg og vanda að allri umgjörð og Hjörleifur Valsson sem hefur verið prestum innan handar er varða kirkjutónlistarmál hefur verið ómetanleg stoð og stytta sem áður. Þar hefur þekking hans á safnaðarstarfinu verið ómetanleg, sem og það tengslanet sem hann býr yfir. Ég þakka honum einstaklega góð störf, lipurð og góða nærveru. Nánar má lesa um dagskrá aðventuhátíðar í skýrslu listanefndar.

Sóknarprestur hefur getað leitað til íslenskra presta sem starfandi eru hjá Norsku kirkjunni til að taka einstaka guðsþjónustu eða athöfn. Eftir að ráðinn var annar prestur við söfnuðinn, er ekki sú þörf sem áður var fyrir afleysingu sem þessa. Verkaskipting og skipting frihelga hefur verið með því móti að hægt hefur verið að sinna að mestu þeim þjónustubeiðnum sem borist hafa. Það er þó ávallt eitthvað um að þau hlaupi í skarðið og styrkur að vita til þess að hægt er að leita til þeirra íslensku presta sem þjóna í norsku kirkjunni. Því miður fer þeim fækkandi vegna nýrra aðstæðna á Íslandi. Bæði hvað varðar atvinnuöguleika og batnandi efnahag landsins. Sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir og sr. Örn Bárður Jónsson hafa leyst sóknarprestinn af í veikindaleyfi. Sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir hefur því miður sagt starfi sínu lausu frá og með 1. júní. Það er miður, því það var fengur fyrir söfnuðinn að fá jafn reyndan prest til starfa. Fyrir mína hönd og safnaðarins vil ég þakka henni afar vel unnin störf og óeingingjarna þjónustu við sóknarbörnin.

Sálgæsla og kærleiksþjónusta

Prestar safnaðarins sinntu sálgæslu og kærleiksþjónustu sem fyrr og fóru í 36 hús- og sjúkraitjanir á árinu. 146 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu kirkjum og hótelum og 191 símasálgæsluviðtöl voru veitt. Þá er ótalin sálgæsla sem veitt er í gegnum tölvupóstssamskipti.

Fagleg handleiðsla og endurmenntun hefur verið hluti af sálgæsluvinnu prestsins og er nauðsynleg til að tryggja faglega þjónustu. Sálgæsluteymi er starfandi um landið og hefur prestur samstarf við íslenskt fagfólk sem sinnir kristinni sálgæslu eða meðferðarúræðum sem ekki verður með góðu móti sinnt nema á móðurmálinu.

Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur hefur sinnt sérstökum beiðnum frá prestum er varða einstök mál sem ekki verða með góðu móti unnin á sviði sálgæslunnar og þarfnast meðferðarfræðilegrar úrræða, eða annarra þátta sem prestar meta. Eygló flutti til Íslands á starfsárinu og Þórunn Finnsdóttir sálfræðingur tók við af henni þar til hún flutti einnig til Íslands í nóvember. Ég þakka þeim báðum ómetanlegt framlag á þessu sviði.

Símatími sóknarprests er frá þriðjudegi til föstudags frá kl. 10-11 og mánudagar eru vikulegir frídagar. Símatími prests hefur verið frá mánudegi til fimmtudags frá kl. 14-15. Óvist er um framhaldið þar. Viðtalstímar eru á skrifstofu eða í síma eftir samkomulagi.

Fræðsla og námskeið

Til að mæta kröfum um kennslu- og fræðslustundir, ferðaðist sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir þess í stað út um landið og hafði samverustundir með börnunum í Bergen, Stavanger og Sandefjord, auk þess sem fermingarfræðsla fer fram í Ólafíustofu fyrir börn sem búsett eru í Ósló og nágrenni.

I haust var farið í ferðalag með 22 íslensk börn búsett víðsvegar í Noregi, auk 6 unglingsleiðtoga. Farið var með hópinn í hús íslendingafélagsins í Norefjell. Vel tókst til og komu ferðalangar sælir og ánægðir heim. Þegar þetta er ritað, er stefnt að öðru fermingarferðalagi og unglingsleiðtoga námskeiði, síðustu helgina í apríl (27.-29.apríl). Áætlað er að fara í Nittedalinn og sækja heim Lillomarkskapellu og dvelja þar við fræðslu og leik.

Námskeið fyrir ungleiðtoga var haldið í tengslum við fermingarfræðsluferð til Norefjell. Þar fengu leiðtogaefnin bæði kennslu í fyrirlestrarformi, samtölum ásamt verklegri æfingu á vettvangi. Góð aðstoð lærlinganna, áhugi þeirra og gleði var dýrmæt fyrir alla umgjörð fermingar-námskeiðsins.

Upplýsingamál, samstarf og fundir

Fréttabréfið kom út þetta starfsárið eingöngu í rafrænni útgáfu. Gripið var til þessa ráðs í sparnaðarskyni. Hrafnhildur Brynjarsdóttir, grafískur hönnuður sem hefur haft umsjón með uppsetningu fréttabréfsins undanfarin ár, sá um uppsetningu safnaðarblaðsins í haust en Jónína Margrét Arnórsdóttir tók það verkefni að sér í upphafi þessa árs. Þess ber að geta, að allir þeir sem þess óska geta fengið fréttabréfið út prentað og sent heim í pósti.

Facebook síða safnaðarins “Íslenski söfnuðurinn í Noregi” ásamt facebook síðum fyrir sunnudagaskólana og æskulýðshópa virka vel til að auglýsa starfið. Einnig er facebook samskiptasíða notuð til samskipta við fermingargbörn og foreldra. Messuauglýsingar hafa verið settar inn á facebook síðu “Íslendingar í Noregi” og svo auðvitað inn á heimasíðu safnaðarins www.kirkjan.no.

Lýðveldishátiðin hefur verið haldin í samstarfi við Íslendingafélögin þar sem þess er óskað og mögulegt er að mæta. Hátiðarhöldin hefjast þá með guðsþjónustu eða prestur flytur hugleiðingu sem er samofin hátiðardagsrá.

Samstarf við sendiráðsskrifstofu er mikilvægt þegar á reynir. Hafa prestar safnaðarins átt ómetanlegt samstarf við Hermann Ingólfsson sendiherra Íslands í Noregi í oft viðkvæmum málum sem varða landa okkar. Er honum og starfsfólki öllu er þakkað gott og mikilvægt samstarf.

Það er og mikilvægt og gefandi fyrir presta að vera í góðu samstarfi við presta norsku kirkjunnar, þar sem allt guðsþjónustuhald er háð því að fá inni í norsku kirkjum. Mikil og góð einnig vinatengsl hafa myndast við sænska og finnska söfnuðinn. Sóknarprestar þessara vinasafnaða, auk sóknarprestans í Gamle Aker kirkju hafa fundað og undirbúið sameiginlega messu. Næsta sameiginlega messa þessa safnaða er á haustmánuðum. Einnig hafa myndast góð tengsl við aðra söfnuði sem starfa hér í Noregi og alþjóðleg guðsþjónusta í Nordberg kirkju þann er þann 6. maí. Sóknarprestur hefur einnig sótt reglulega fundi með Norges Kristne Råd, sem er samstarfsvettvangur kristinna trúfélaga.

Sunnudagaskóli

Sunnudagaskólar Íslenska safnaðarins í Noregi eru starfræktir viðsvegar um landið. Á síðasta ári voru 84 sunnudagaskólar alls. Á vormánuðum voru sunnudagaskólar haldnir reglulega í Osló, Drammen, Sandefjord, Kristiansand, Bergen, Stavanger og Bråndheimi. Starfsemi þeirra, annars staðar en í Sandefjord, Kristiansand og Osló, var lögð niður að hausti vegna sparnaðar, veikinda og mannekle. Helgistundir og sunnudagaskólar voru haldnir jafnhliða jólaguðsþjónustunum.

Unglingastarf

Unglingafundir voru í Sandefjord, Stavanger og Osló. Í unglíngastarfinu fá krakkarnir meðal annars tækifæri til að kynna betur og viðhalda

tengslum sem myndast hafa í fermingarfræðslu safnaðarins. Þátttaka hefur verið góð æskulýðshópum safnaðarins þar sem myndast hefur góður vinskapur meðal unglínginga og leiðtoga. Markmið Æskulýðsstarfs safnaðarins er að styrkja vináttutengsl og rjúfa einangrun þeirra barna sem flutt hafa hingað til Noregs og eiga erfitt með að tengjast öðrum félagslega m.a. vegna tungumálsins. Hver fundur er skipulagður og auglýstur á heimasíðu okkar ogleða facebooksíðu safnaðarins og á facebooksíðunni „www.facebook.com/æskulýðshópur Íslenska safnaðarins í Noregi.“ Um 40 börn hafa verið að sækja fundina reglulega í æskulýðsstarfinu okkar um allt land. Unglíngahóparnir taka ávallt vel á móti nýjum félögum.

Starf 60 ára og eldri

Starf 60 ára og eldri hefur verið haldið mánaðarlega í vetur. Starfið hefst að hausti og lýkur með vorfagnaði í maí á hvert, alls voru 10 fundir á starfsárinu. Eldri borgarar eða 60+, eins og hópurinn kys að kalla sig, hittast einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina á fimmtudögum kl. 12 í Ólafíustofu. Byrjað er á kyrrðar- og ihugunarstund frá kl. 12.15 til 12.30 og svo er léttur hádegisverður. Að honum loknum hefjast dagskrárliðirnir.

Margt hefur verið brallað á starfsárinu, m.a. var farið í leikhús og komið hafa góðir gestir og flutt fræðsluerindi sem fallið hafa í góðan jarðveg. Hópnunum var boði í sendiherrabústaðinn á Bygdøy. Þar naut hópurinn gestrisni sendiherrahjónanna á blíðskapardegi. Hinn 11. maí var svo farið í vorferð til Eidsvoll. Dagsferð í boði safnaðarins, í hið þýðingarmikla og sögufræga hús, Eidsvoll bygginguna. Þaðan hélt hópurinn til Hamars kirkju, til stuttrar helgistundar og endaði ferðalagið á að snæða saman í húsi sr. Ragnheiðar Karítasar í Lillehammer. Það var ánægður hópur sem kvaddist við Ólafíustofu þetta kvöld eftir eftirminnilegan og skemmtilegan dag. Nýja árinu var fagnað með glæsilegri hangikjötsveislu, 11. janúar. Einkar ánægjulegt var hve margir mættu í Ólafíustofu þann dag. Ásamt föstum kjarna hópsins voru þó nokkrir að koma í fyrsta sinn og sumir að koma aftur eftir hlé. Góð þátttaka hefur verið á fundum 60 ára og eldri en almennt mæta um 15-20 manns í Ólafíustofu. Starfið hefur eflst og stækkað og myndast hafa góð vináttutengsl. Nýir félagar eru ávallt velkomnir og taka allir vel á móti þeim sem vilja kíkja til okkar í Ólafíustofu og eiga góða stund saman. Við viljum þakka, að öðrum ólöstuðum, Áslaugu Thomsen, Oswald Kratz og Snorra Ásgeirssyni fyrir óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf í þágu hópsins“.

Umræður í kjölfar skýrslu sóknarprestis:

Að loknum lestri sóknarprestis þá steig Þórhallur Guðmundsson upp til pontu og tók til máls. Fór hann yfir sögu safnaðarins og biður fólk um að virða störf stjórnar og fylgja söfnuðinum. Hann hvetur fólk til að standa saman ef viðsnúningi skal náð. Hann er upptekinn af að stefnan í starfinu sé skýr. Bendir hann á að góð leið til að skapa meira líf í söfnuðinum sé að beina spjótum sýnum að og efla allt barna- og unglíngastarf. Til þess að svo megi verða þá er krafan sú að stjórn safnaðarins forgangsraði og eins og staðan er í dag þá verður söfnuðurinn að lifa á því sem hann hefur. Mikilvægt sé því að snúa þessari ófugþróun við, forgangsraða og sníða sér stakk eftir vexti.

Rebeka Ingibjartsdóttir tekur til máls og getur þess að hún sé búinn að vinna við söfnuðinn yfir sjö ára tímabil m.a. í kringum sunnudagsskólann

og barna- og ungmennastarf. Hún getur þess að það sé blússandi gangur í öllu barna- og ungmennastarfi og minnir fólk á að standa saman og standa vörð um þetta góða starf.

Kristín Magdalena Ágústsdóttir tekur til máls og tjáir sig um að sér finnist niðurskurður stjórnar vera mikill. Hún stillir upp þeirri spurningu hvernig við getum bætt safnaðarstarfið, fengið fólk til kirkju og sett meiri metnað m.a. í kirkjukaffið. Hún mælir með að fólk gefi sig fram í til sjálfbodastarfa og stillir upp þeirri spurningu "hvað getum við gert fyrir söfnuðinn?". Sem listamaður þá vill hún gjarnan gefa kost á sér og koma fram með þegar á þarf að halda án þess að þyggja laun. Byrjum að gefa og hættum að þyggja!

Jónína Margrét Arnórsdóttir útskýrir að árleg ferð ungmenna til Íslands væri ekki fermingarferð heldur ferð fyrir ungmenni safnaðarins á landsmót æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar á Íslandi. Því miður hafi þurft að fella niður þessa ferð að þessu sinni vegna bágrar fjárhagsaðstöðu.

Guðni Ölversson steig upp í pontu og hælir Rebekku Ingibjartsdóttur og Jónínu Margréti Arnórsdóttur fyrir gott starf í kringum fermingarfræðslu og barna- og ungmennastarf. Leggur hann jafnframt til að nota Prestbústaðasjóðinn til að mæta tapi frekar en að selja Ólafíustofu.

Jónína Margrét Arnórsdóttir lýsti stöðunni þannig að þegar núverandi stjórn tók við var staðan slík að nær allir fjármunir voru uppnir.

Ragnheiður Karítas Pétursdóttir spyr hvort fundarmenn ætli að segja sér upp störfum?

Guðni Ölversson vill að söfnuðurinn stígur sama skref og á upphafsárum safnaðarins og ráði lausráðinn prest.

Fundarstjóri grípur inn í og minnir fundargesti á að í stefnu stjórnar stendur orðrétt; "Komandi starfsár safnaðarstjórnar mun einkennast af áframhaldandi aðhaldsaðgerðum, skipulagsbreytingum og samstarfi við presta til þess að efla söfnuðinn".

Ómar Diðriksson lýsir áhyggjum sínum vegna minnkandi kirkjusóknar og spyr hvort ekki væri heppilegra að messa í Ólafíustofu? Hann greindi frá því að hann hafi mætt í allflestar messur og metur það mikils að heyrja íslenska tungu, kynnast nýju fólki og hitta samlanda sína. Hann var jafnframt á móti því að selja Ólafíustofu og vill með öllum mætti styðja stjórn safnaðarins í verki til að styrkja stöðirnar til frambúðar.

Jónína Margrét Arnórsdóttir talar um að ein leiðin sé að forða söfnuðinum frá gjaldþroti er meðal annars að selja Ólafíustofu.

Sturla Jónsson spyr hvað gangi á og hvert fólk stefnir á þessum fundi. Fólk fái ekkert út úr því að niðast á hverju öðru og minnir fólk á að standa saman og fá einhverju breytt.

Guðni Ölversson verður jákvæðari með hverri mínútu og vill með öllum tiltækum ráðum halda Ólafíustofu en ekki selja.

6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram

Guðrún Elín Svansdóttir les upp fjárhagsáætlun í fjarveru gjaldkera og Inga Erlingsdóttir fer yfir ársreikning (sjá ársreikninga á heimasíðu safnaðarins).

Umræður í kjölfar yfirllestur ársreiknings og fjárhagsáætlunar:

Þórhallur Guðmundsson spyr um ávöxtun fjármuna safnaðarins og hvort ekki mætti finna sjóði með hærri ávöxtun. Þau svör fengust að fjármunir safnaðarins væru á venjulegum ávöxtunarreikningum. Þórhallur fór í gegnum ársreikning og fjárhagsáætlun og kom með margar góðar tillögur til að draga úr rekstri í mörgum einstökum þáttum. Fleiri fyrirspurnir komu m.a. tengd rekstri skrifstofu. Þórhallur vill að stjórn fari lengra og reki söfnuðinn á núllinu ef kostur er.

Rafn Línal steig upp í pontu og hvetur stjórn til að halda áfram því góða starfi í samstarfi við Call Senter og ná inn fleiri meðlimum.

Óformleg tillaga var lögð fram af fundarstjóra í kjölfar hvattingar frá Þórhalli Guðmundssyni í þá veru að að allt yrði gert til að komast næst núllinu eins og kostur er og stefna að því að vera innan við 10% hallarekstur. Tillaga þessi var samþykkt af aðalfundi og fjárhagsáætlun hafnað.

Ársreikningar síðasta árs voru bornir upp til atkvæðisgreiðslu og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

7. Tillögur

Undur sjöunda lið tjáði Þorbjörg Þórisdóttir sig um aðgerðir innan bankakerfisins þess efnis að bankar skrúfi niður kostnað þar sem það er hægt þegar harðnar á dalnum í rekstrinum og vill gjarnan að stjórn safnaðarins hafi sömu sýn og bankarnir í sínum rekstri. Hún vill að tekið verði á þeim útgjaldalið sem veitir mestan sparnað en það eru laun prests. Einnig vill hún að laun prests séu skorinn niður enda liggur þar stærsti möguleikinn til sparnaðar. Hún tekur fram að hún hafi ekkert að setja út á störf sóknarprests en getur þess jafnframt að söfnuðurinn fái ekki verri prest fari svo að núverandi sóknarprestur hætti vegna þess að hún geti ekki sætt sig við niðurskurð eða breytt starfshlutfall.

Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir segir í kjölfar orða Þorbjargar að það að þyggja sóknargjöld frá norska ríkinu hafi söfnuðurinn þjónustuskyldu. Jafnframt minnir hún fundarmeðlimi á að það er ekki hægt að reka söfnuð án prests.

Tillaga frá Ólafi Ragnari Pálssyni um að hafa söfnuð án prests er nefnd til sögunnar. Talar Ólafur Ragnar um tímabundna ráðstöfun og setur fram þá tillögu að segja presti upp.

Jónína Margrét dregur í efa kosti sjálfbodavinnu m.a. við að grafa upp

símanúmer hjá fyrrverandi meðlimum safnaðarins. Skal stjórnin eða sjálfboðaliðar vinna að þessari vinnu þá mun það kosta nokkur ársverk vegna vöntunar á nauðsynlegum gögnum sem til þarf. Hún mælir því með áframhaladandi notkun þjónustuaðila eins og t.d. Evry.

Þórhallur kom með þá tillögu að taka aðgangseyri eða frjáls framlög t.d. í messum.

Jónína Margrét kom inn á að nú til dags sé fólk ekki með peninga á sér dags daglega og því er þetta ekki svo einfalt.

Þorbjörg vitnaði til jólaskemmtunar þar sem fólk þurfti frá að hverfa vegna af háls inngangseyris.

Ingvar Örn sagði frá framkvæmd jólaballs í Sandefjord þar sem frjáls framlög voru viðhöfð og skilaði góðum árangri.

Rebeka Ingibjartsdóttir kom inn á mikilvægi þess að hafa presta að störfum sem eru ávallt tilbúnir til að aðstoða þegar á þarf að halda.

Þorbjörg tjáði sig um núverandi fjárhagsaðstöðu safnaðarins sem væri engin draumastaða heldur hið versta mál og minni á félag sem er að fara á hausinn. Óskastaðan að mati Þorbjargar væri þó söfnuður með prest.

Kristín Magdalena Ágústsdóttir talar um að efla starfið, og hvetur fólk til að koma fram með nýjar og ferskar hugmyndir og reyna að ná til fólks með það að markmiði að auka kirkjusókn.

Fundarstjóri ber fram tillögu um að komast næst núllinu (10%) í lok árs 2018 og uppfyrir þá tölu árið eftir. Þessi tillaga var samþykkt.

Guðni Ölverson steig upp í pontu og hafði undir höndum tölvupósta frá Biskupsstofu og las upp, en var stöðvaður af fundarstjóra. Heitar umræður spruttu upp í kjölfarið og áður en Guðni steig frá pontu þá lauk hann máli sínu með þeirri einföldu spurningu "hvort prestur haldi því fram að biskup Íslands ljúgi?" Nóg um það!

Ómar Diðriksson vill stuðla að því að söfnuðurinn fá tækifæri til að vaxa og dafna enda skipti safnaðarstarfið sköpum til efla samskipti meðal Íslendinga sem eru búsettir í Noregi.

Fundarstjóri ber upp breytingartillögu á fyrstu tillögu og hljóðar sú breyting með eftirfarandi hætti:

"Við gerum það að tillögu að presti verði sagt upp störfum og ráðinn í 50% stöðu vegna fjárhagsörðugleika safnaðarins".

Sturla Jónsson steig upp í pontu og segir að RUV hafi haft samband við sig og spurt um hvort aðalfundur hafi samþykkt að reka sóknarprest safnaðarins.

Fundarstjóri greip inn í umræðuna og hellti úr skálum reiði sinnar og

minnti fólk á að hegða sér og ávitti hugsanlega orðsmettu fyrir að leka efni fundarins og skaða orðstír safnaðarins.

Guðni Ölverson var fyrsti maður til að koma fram með athugasemdir vegna ávítana frá fundarstjóra og gat þess að það hafi ekki verið hann sem lak út málefnum aðalfundar til fréttamanna.

Í stuttu máli var þessi breytingartillaga samþykkt með 12 atkvæðum og 11 voru á móti.

Seinna meir kom í ljós að tillagan var ekki löglega upp borinn sakir þess að hún barst of seint skv. lögum og reglum safnaðarins (innskot fundarritara).

8. Kosning í stjórn

Kjóra þurfti tvo nýja aðalmenn í stjórn safnaðarins og stóð valið milli þriggja einstaklinga. Þeir sem hlutu meirihlutakosningu voru Ingvar Örn Ingólfsson og Rúnar Sigríksson. Sigurdís Reynisdóttir hlaut kosningu sem varamaður í stjórn sem og Rannveig María Gísladóttir.

Þess má geta að í aðdraganda kosninga til stjórnar og varamanna í stjórn þá var fundarmönnum gerð grein fyrir fjölskyldutengslum Ingvars Arnars Ingólfssonar og Rannveigar Maríu Gísladóttur þess efnis að þau væru mæðgin.

Stjórn safnaðarins skipa því fimm einstaklingar að nýju:

Aðalstjórn

Rúnar Sigríksson
Jónína Margrét Arnórsdóttir
Ingvar Örn Ingólfsson
Björn Hallbeck
Guðbjörg Edda Árnadóttir

Varamenn

Sigurdís Reynisdóttir
Rannveig Gísladóttir
Kátla Sveinbjörnsdóttir
Snorri Ásgeirsson
Kristján Daðason

Fundarstjóri gerði hlé á fundi kl. 20.20 og boðaði til framhaldsaðalfundar þann 29. maí kl. 18.30 í Ólafíustofu.

Framhaldsaðalfundur Íslenska safnaðarins var haldinn þriðjudaginn 29. maí í Ólafustofu. Rúnar Sigríksson setur fundinn kl. 18.30.

Frá fyrri aðalfundi voru óafgreiddir síðustu tveir liðir dagskrárinnar. Nýr formaður setti fundinn og kynnti fundarmönnum dagskrá fundarins. Fjarverandi úr stjórn var Björn Hallbeck vegna anna við prófalestur. Að auki hafði fjarverandi gjaldkeri safnaðarins tilkynnt afsögn sína vegna heilsuþrests og því þurfti að endurtaka kosningu til stjórnar og bæta inn fimmta stjórnarmanninum.

Áður en kom til kosninga í stjórn og aðrar nefndir þá steig gjaldkeri stjórnar, Ingvar Örn Ingólfsson í pontu, og fór í gegnum endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Ný og endurskoðuð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir minna tapi eða 366.000 kr. í stað einnar og hálftrar milljónar eins og fyrri áætlun gerði ráð fyrir. Ingvar Örn kynnti einnig nýja tekjumöguleika m.a. að leigja út Ólafustofu utan kjarnatíma.

Tillögur og breytingar á fjárhagsáætlun voru bornar undir fundamenn sem samþykktu með öllum greiddum atkvæðum.

9. Kosning stjórnarmanns og nefndir

Sökum brotthvarfs Guðbjargar Eddu Árnadóttur úr stjórn eftir fyrri aðalfund þá kom tillaga um að kjósa Rebekku Ingibjartsdóttir sem fimmta stjórnarmann. Var sú tillaga samþykkt einróma.

Kjósa þurfti einnig tvo aðila í kjörnefnd og tvo innri endurskoðendur. Tillögur komu um Sturlu Jónsson og Rannveigu Maríu Gísladóttur í kjörnefnd og Þórhall Guðmundsson og Ómar Diðriksson sem innri endurskoðendur. Voru þessar tillögur samþykktar einróma.

Stjórnir og nefndir safnaðarins eru því sem hér segir:

Aðalstjórn

Rúnar Sigríksson, formaður
Jónína Mærgret Arnórsdóttir, varaformaður
Ingvar Örn Ingólfsson, gjaldkeri
Björn Hallbeck, ritari
Rebekka Ingibjartsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn (í þessari röð)

Sigurdís Reynisdóttir
Rannveig Gísladóttir
Snorri Ásgeirsson
Katla Sveinbjörnsdóttir
Kristján Daðason

Kjörnefnd

Sturla Jónsson
Rannveig Gísladóttir
Margrét Ólóf Magnúsdóttir

Endurskoðendur

Ómar Diðriksson 2018
Þórhallur Guðmundsson 2018

Listanefnd

Listanefnd var lögð niður tímabundið (sjá tillögu og samþykkt) og lögð undir aðalstjórn safnaðarins.

Stjórn Ólafíusjóðs

Kristján Daðason, formaður
Sigurdís Reynisdóttir, ritari
Ágústa María Arnarsdóttir Figved, varamaður
Sr. Ragnheiður Karítas Petursdóttir, gjaldkeri

10. Önnur mál

Undir liðnum önnur mál voru sett fram til kynningar hin ýmsu málefni af hálfu stjórnar safnaðarins.

10.1 Notkun á Call Senter

Stjórn safnaðarins hefur einsett sér að halda áfram fyrri vinnu við að fjölga meðlimum safnaðarins og notast m.a. til þess við þjónustu Call Senter. Ávinningurinn er ótvíræður og skilar auknum tekjum ef jafnvel tekst til og frá liðnu ári. Stjórnin vill jafnframt minna fólk á að athuga hvort þau séu ekki örugglega skráð sem félagsmenn í söfnuðinum og þeirra nánustu vinir og vandamenn.

10.2 Endurskoðun ársreikninga

Ingvar Örn Ingólfsson, nýr gjaldkeri stjórnar, bar upp tillögu fyrir framhaldsaðalfund þess efnis að stjórn safnaðarins fái fulltíngi og stuðning aðalfundar til að hætta notkun á dýrum löggiltum endurskoðendum og spara með því töluverðan kostnað en notast þess í stað við innri endurskoðendur. Tillagan var sett fram á norsku og var samþykkt einróma:

“Generalforsamling i Den Islandske Menigheten i Norge gir styret i menigheten fullmakt til å beslutte at menighetens årsregnskap ikke skal revideres av statsautorisert revisor dersom menigheten blir ikke revisorpliktet ifølge revisorloven”.

10.3 Tillaga um listanefnd

Stjórn safnaðarins bar upp tillögu um að leggja niður listanefnd. Um tímabundna aðgerð er að ræða og munu störf listanefndar falla undir hefðbundin störf stjórnar hið minnsta fram til ársins 2019. Tillagan var samþykkt einróma og hljóðar svo:

“Safnaðarstjórn óskar eftir samþykki aðalfundar að leggja niður listanefnd en það hefur gengið illa að manna nefndina og er hún nú alveg óstarfhæf. Verkefni listanefndar munu falla undir safnaðarstjórn ef þessi tillaga er samþykkt”

10.4 Tillaga um Ólafusjóð

Stjórn safnaðarins lagði fram tillögu um að fjárveitingar í Ólafusjóð séu í samræmi við reglur sjóðsins og í takt við fjárhagsstöðu safnaðarins hverju sinni. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og hljóðar svo:

„Aðalfundur 2018 veitir stjórn Íslenska safnaðarins sitt fulltingi til að draga tilbaka fyrri samþykkt um aukinn fjárframlög í Ólafusjóð og halda sér þess í stað við reglur sjóðsins um árlegan 50.000 styrk frá söfnuðinum. Aðeins aðalfundur getur breytt þessari ákvörðun“

10.5 Breytingartillaga stjórnar á afar umdeildri tillögu fyrir aðalfundar

Stjórn safnaðarins vill með þessari tillögu óska eftir fulltrungi aðalfundar til að grípa í taumana, snúa við hallarekstri svo fljótt og auðið er og beita aðgerðum sem m.a. snúa að niðurskurði launakostnaðar og breyttu starfshlutfalli starfsfólks. Tillagan var borinn undir atkvæði og var samþykkt 11 greiddum atkvæðum og einn var á móti.

„Aðalfundur Íslenska safnaðarins 2018 vill með þessari tillögu, byggða á endurskoðaðri fjárhagsáætlun stjórnar fyrir 2018 og gerir ráð fyrir nokkrum rekstrarhalla, styðja stjórn safnaðarins og veita henni sitt fulltingi til að draga úr rekstrarkostnaði safnaðarins og komast því sem næst að hallalausum rekstri í lok árs 2018.“

Í þessari vegferð verði launakostnaður skoðaður í samræmi við tekjur safnaðarins.

Ef stjórn safnaðarins metur það svo að fjárhagsstaða safnaðarins standi ekki undir launakostnaði, sem birtist í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir 2018, veitir aðalfundur safnaðarins stjórn hans fullan stuðning til að endurmeta stöðuna og beita aðgerðum sem fela í sér breytingu á stöðugildum starfsfólks með það eitt að markmiði að tryggja rekstur safnaðarins um ókomna framtíð.“

Umræður undir liðnum “Önnur mál”:

Þórhallur Guðmundsson vill forðast áreikstra í starfssemi safnaðarins og íslendingafélagsins í Ólsó. Jafnframt bendir hann á að þessir tveir aðilar þurfi að vinna saman öllum Íslendingum til heilla.

Ómar Diðriksson kom inn á að kominn væri tími til að fólk sýndi smá sjálfsbjargarviðleitni og átti sérstaklega við listafólk af ýmsum toga. Hann vildi hvetja fólk til að koma fram og spyrja frekar “hvað það geti gert fyrir söfnuðinn” í stað þess að söfnuðurinn sé ávallt að leita eftir fólk í sambandi við hinar ýmsu uppákomur. Góður punktur!

Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir lýsti yfir undrun sinni að aðeins einu sinni var minnst á Jesú allan þennan fund. Hún mælir með að stjórnin sinni sínum störfum af bestu getu með hag safnaðarins að leiðarljósi og jafnframt beinir hún þeim tilmælum til fólks sem ekki getur fylgt sínum söfnuði að leita annað. Nægir möguleikar finnast fyrir óáænjugu-

pésana.

Þórhallur Guðmundsson kom inn á bréf Guðna Ölverssonar, sem barst formanni stuttu fyrir framhaldsaðalfund. Vegna fjarveru Guðna og fyrrverandi formanns þá taldi núverandi formaður það vera tímaskekkju að vera að lesa upp fyrrnefnt bréf sakir þess að innihald þess hefur þegar komið fram í fyrri umræðu. Fundurinn samþykkti að þessu leyti bókun til að styðja ákvörðun nýs formanns. Bókunin var samþykkt með öllum atkvæðum og hljóðar svo:

“Aðalfundur gefur aðalstjórn sitt fulltingi til að lesa ekki upp bréf Guðna Ölverssonar um meintar ávirðingar gagnvart einstökum stjórnarmönnum íslenska safnaðarins þar sem hvorki Guðni Ölversson né umræddir stjórnarmenn eru til staðar á fundinum“.

Elísabet Long vakti athygli fundarins á að stytting af Ólafu þarfnist viðhalds og komu fram nokkrar athugasemdir um þetta málefni. Stjórn safnaðarins mun athuga hvort ráðamenn Ósló hafi tök á að sinna viðhaldi þessarar styttingu. Þórhallur Guðmundsson bauð sig fram krafta sína og kippa umhírðu og viðhaldi styttingar af Ólafu í ásættanlegt horf.

Ómar Diðriksson tjáði sig og var nokkuð ánægður með starfsemi safnaðarins undanfarnin ár en vill þó sjá fleira fólk í messum safnaðarins. Ómar vill gera átak í að fá fleiri og hlúa betur að þeim sem sýna starfinu áhuga. Af þessu tilefni hvetur hann sóknarprest að finna til þess leiðir til að fá fleira fólk í messur, gera messurnar áhugaverðari og skapa léttara andrúmsloft og betri stemningu.

Jónína Margrét Arnórsdóttir kom inn á verkefni sem hún hafði undir höndum tengdu Snapchat. Það verkefni snérist um að kynna starf safnaðarins og hafi reynst effitt ekki síst vegna óvæntra og neikvæðra viðbragða fólks byggt á misskilningi.

Rannveig María Gísladóttir stóð upp og kynnti sig en það láðist á fyrri aðalfundi. Rannveig María hlaut kosningu í varastjórn og tók jafnframt sæti í kjörmeind ásamt Sturlu Jónssyni.

Þórhallur Guðmundsson ráðleggur fólk að byrja á og venja sig á að tala vel um söfnuðinn sinn. Neikvætt tal laðar ekki fólk að á sama tíma og nýrri stjórn hefur tekist að snúa við fjármálum safnaðarins til betri vegar og bjartari tímar eru framundan.

Að lokum tók sóknarprestur til máls og kom inn á að störf hennar fyrir íslenska söfnuðinn séu töluvert frábrugðin því sem hún vandist t.d. á Íslandi. Hér í Noregi sé stór hluti af hennar störfum að sinna sálgaeslu og sá þáttur hennar starfs er mun einfaldi hér í Noregi sakir þess að hér getur fólk verið nokkuð öruggt um að þessi viðtöl séu ekki á milli tannana á fólk eins og tíðkast oft á Íslandi.

Þegar hér var komið við sögu var fundi slitið um kl. 20.30.



Íslenski Söfnuðurinn
í Noregi

Ólafíustofu
Pilestredet Park 20
0176 Oslo

Sími 223 60 140
starfsmadur@kirkjan.no
www.kirkjan.no

